



Reykjavík 6. apríl 2022

Umsögn Æskunnar um Frumvarp heilbrigðisráðherra, til laga um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur (nikótínvörur), mál 450. ^[1]

Æskan fagnar þessu frumvarpi sem er til þess fallið að styðja við góðan árangur í forvörnum á Íslandi. Það er von okkar að náist að draga úr notkun nikótínvara á borð við tóbakslausa nikótínþúða sem er ný vara á markaðinum og hefur náð töluverðri útbreiðslu á skömmum tíma. ^[2]

Nikótín er ávanabindandi efni og því óæskilegt að ungt fólk byrji að nota þessar vörur og verði háð nikótíni. Æskan hefur frá stofnun 1886 hvatt til að ekki sé verið að prufa, fíkta með, nota eitthvað sem hægt er að ánetjast. Æskan hvetur ráðamenn til að standa með þeim sem vinna í forvörnum því forvarnir á Íslandi hafa verið til fyrirmyndar í áratugi og skapað kynslóðir sem hafna neyslu áfengis og annara vímuefna. ^[3]

Æskan hvetur ráðamenn að skoða miklu betur mál er varða forvarnir. Virkja þau lög sem sannarlega standa um markaðssetningu og auglýsingar efna sem hafa neikvæð áhrif á börn á hvaða miðlum sem er. Lýðheilsumat er mælikvarði sem ætti hiklaust að taka upp hið snarasta. Heildarstefna í forvörnum ætti að taka gildi sem skýr viðmið að draga sem mest úr neyslu tóbaks, nikótíns, áfengis og annara vímuefna.

Æskan lýsir sig fúsa til að leggja lið við vinnu við að undirbúa stefnuna þar sem Æskan er hluti af stærstu forvarnasamtökum heims Movendi.

Sigurbjörg Helga Sigurgeirsdóttir Formaður, Æskan Barnahreyfing

Aðalsteinn Gunnarsson Framkvæmdastjóri Æskan barnahreyfing

[1] <https://www.althingi.is/altext/152/s/0649.html>

[2] <https://www.gallup.is/frettir/dagleg-notkun-nikotinpuðum-er-ordin-meiri-en-rafrettum/>

[3] <https://rannsoknir.is/>